

# Félagsheimilið á Blönduósi

AÐALFUNDUR – 28. ágúst 2003

Aðalfundur 28. ágúst 2003 haldinn í Félagsheimilinu á Blönduósi KL. 19,00. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Hefðbundin aðalfundarstörf.
2. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Jóhanna Jónasdóttir, formaður setti fund. Ágúst Þór benti á formgalla á boðun fundarins. Farið var yfir rekstrarreikning ársins 2002, hann borinn upp og samþykktur.  
Stjórn félagsins er óbreytt,  
Jóhanna Guðrún Jónasdóttir,  
Stefán Hafsteinsson,  
Valdimar Guðmannsson,  
Auðunn Sigurðsson.  
Kristín Guðjónsdóttir  
Ekki verður greiddur út arður og tap ársins verður fært á höfuðstól.  
Greiðslur til stjórnar og skoðunarmanna verða óbreyttar.
2. Valdimar tók til máls og talaði um það hversu reksturinn gengi illa. Það er hans skoðun að bjóða þurfi út reksturinn, tillaga hans er sú að auglýsa eigi eftir rekstraraðila fyrir húsið. Einnig að leita til menntamálaráðherra og fjárlaganefndar Alþingis ásamt þingmanna kjördæmisins um opinberan stuðning til að greiða niður uppsafnaðar skuldir Félagsheimilisins, enda er húsið eitt fullkornasta menningarhús á landsbyggðinni. Miklar umræður urðu um þá tillögu að bjóða út reksturinn og voru menn ekki á einu máli. Ágúst Þór spurði hvað viðkomandi aðili ætti að hafa langan reynslutíma, og hvort segja ætti upp starfsmanni. Ekki hafa verið teknar ákvarðanir um það.  
Fulltrúi leikfélagsins greiddi atkvæði á móti þessari tillögu, þ.e. þeirri tillögu að bjóða út reksturinn. Jóhanna Guðrún Jónasdóttir, formaður fer með atkvæði fyrir hönd Blönduóssbæjar, og tillagan telst þar með samþykkt.  
Varðandi bréf frá þeim Hauki Ásgeirssyni og Skarphéðni Einarssyni, þá er formanni falið að ræða við þá.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið.

Jóhanna G. Jónasdóttir  
Matthías Páll Imsland  
Hjördís Blöndal  
Valdimar Guðmannsson  
Ágúst Þór Bragason  
Albert Stefánsson

Kristín Guðjónsdóttir